

Nd.

217. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hafði um tvær leiðir að velja í þessu máli. Önnur leiðin var sú, að semja lög um fyrirkomulag skólanna á þeim grundvelli, sem lagður er í frv. þeim, sem nefndinni hafa borist. Hin leiðin var sú — og þá leið tók nefndin — að gera sem minstar breytingar á skólalöggjöfoni, með tilliti til þess, að á síðasta þingi var skipuð millipinganefnd til þess meðal annars að gera tillögur um fyrirkomulag skólanna, en þar sem sú nefnd hefir enn ekki lokið störfum, en hinsvegar má vænta, að hún leggi tillögur sínar fyrir næsta Alþingi, þá þykir ekki viðeigandi að taka fram fyrir hendurnar á henni í þessu máli.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 27 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

- Við 1. gr. 1. Á eftir orðunum »að gera þær« komi: bráðabirgða o. s. frv.
2. a.-liður falli niður.
3. c.-liður verður b.-liður og orðist svo: Að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
4. Orðin »til þess . . . skipulagi« í d-lið falli burt.

Alþingi, 16. febr. 1928.

Lárus Helgason,
form.

Jón Ólafsson,
frsm.

Bernh. Stefánsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Einar Jónsson.